

Fangelsið Akureyri

Lögreglustöðinni við Þórunnarstræti, 600 Akureyri

☎ 462-6365 Fax: 464-7701




Fangelsismálastofnun ríkisins

Fangelsið er samtengt lögreglustöðinni við Þórunnarstræti á Akureyri.

Allur aðbúnaður í fangelsinu er mjög góður og lögð er áhersla á öryggi, samvinnu og endurhæfingu. Hægt er að vista tvær konur í fangelsinu, auk átta karlfanga.

Fangar sem vistaðir eru í fangelsinu skulu vera lyfjalausir nema í undantekningartilvikum og þá undir ströngu eftirliti læknis. Að auki þurfa fangar að stunda vinnu í fangelsinu eða fjarnám og taka virkan þátt í meðferðaráætlun á vegum fangelsisins. Standist fangi ekki þessar kröfur getur hann átt von á því að verða fluttur í annað fangelsi án tafar.



Við val á föngum til vistunar í fangelsinu er m.a. horft til eftirfarandi atriða:

- ◆ Að fangi sé búsettur á Norðurlandi að uppfylltum öðrum skilyrðum.
- ◆ Að fangi sé að undirbúa sig fyrir losun úr fangelsi.
- ◆ Að fangi afpláni að jafnaði ekki lengur en í eitt ár í fangelsinu.
- ◆ Að fangi sé reiðubúinn til að vinna bug á vímuefnavanda sínum.
- ◆ Að fangi sé tilbúinn til þess að taka virkan þátt í endurhæfingaráætlun.
- ◆ Að fangi sé fær um að afplána við lágmarks öryggisgæslu og stundi vinnu eða nám meðan á refsivistinni stendur.



Meðferð og endurhæfing.

Markmið Fangelsismálastofnunar er að hvetja fanga til að takast á við vandamál sín og draga þannig úr líkum á endurkomu í fangelsi. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að í fangelsinu sé boðið upp á:

- ◆ Næga vinnu og vinnuþjálfun fyrir fanga.
- ◆ Náms og fjarkennslu með stuðningi.
- ◆ Að fangar geti að sem mestu leyti séð um sig sjálfir, svo sem eldað, þrifið, þvegið þvott o.s.frv.
- ◆ Að starfsmenn aðstoði við þjálfun fanga í lífsleikni samkvæmt meðferðar- og vistunaráætlun.



Starfsmenn fangelsisins.

- ◆ Varðstjóri ber daglega ábyrgð á fangelsinu í samráði við forstöðumann fangelsisins sem er staðsettur á höfuðborgarsvæðinu. Varðstjóri vinnur á dagvöktum.
- ◆ Aðstoðarvarðstjóri hefur, í samráði við varðstjóra, umsjón með daglegum verkefnum í fangelsinu og vinnur á dagvöktum á móti varðstjóra.
- ◆ Fjórir fangaverðir skipta á milli sín dag- og næturvöktum.

Starfsmenn fá þjálfun í að vinna með föngum og aðstoða þá við ýmis verkefni.

Þjónusta sem er í boði.

Læknir frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri kemur í fangelsið einu sinni í viku og hjúkrunarfræðingur sinnir fangelsinu reglulega.

Samstarf er á milli Fangelsismálastofnunar og Fjórðungssjúkrahússins um geðlæknis- og sálfræðiþjónustu.

Félagsráðgjöf frá Fangelsismálastofnun.



Stefna og markmið Fangelsismálastofnunar

- ◆ Að afplánun fari fram með öruggum hætti þannig að réttaröryggi almennings sé tryggt og tilætluð varnaðaráhrif fangelsisvistar séu virt.
- ◆ Að dregið sé úr líkum á endurkomu fanga í fangelsi vegna nýrra afbrota.
- ◆ Að föngum sé tryggð örugg og vel skipulögð afplánun.
- ◆ Að mannleg og virðingarverð samskipti séu höfð í heiðri.
- ◆ Að skapaðar séu aðstæður og umhverfi sem hvetja fanga til að takast á við vandamál sín.

Til að ná fram þessum markmiðum er sett fram einstaklingsmiðuð áætlun um framvindu afplánunarferils fanga í upphafi refsivistar. Áætlun þessi felur í sér þætti eins og áhættumat, meðferðarþörf, mat á getu til náms og/eða vinnu, sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning. Eftir þessari áætlun er síðan unnið með viðkomandi fanga á afplánunartímanum af menntuðu og þjálfuðu starfsfólki og áætlunin endurskoðuð reglulega. Þegar kemur að lokum afplánunar viðkomandi er stuðlað að því, í samvinnu við fangann, að hann eigi fastan samastað, sé í góðum tengslum við fjölskyldu og/eða vini, kunni að leita sér aðstoðar og náí að fóta sig í samfélaginu.



Fangelsismálastofnun ríkisins

Borgartúni 7, 105 Reykjavík ☎ 520-5000 Fax: 520-5019 www.fangelsi.is